

## GJALDSKRÁ

### fyrir hunda- og kattahald í Sveitarfélaginu Skagafirði.

#### 1. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund á þéttbýlisstöðum í Sveitarfélaginu Skagafirði, sbr. 10. gr. samþykktar um hunda- og kattahald í Sveitarfélaginu Skagafirði nr. 783/2010 skal vera kr. 11.810. Gjaldið greiðist á gjalddaga 1. maí en eindagi er 30. maí ár hvert.

Innifalið í leyfisgjaldi er hundahreinsunargjald, trygging, örmerking auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

#### 2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött á þéttbýlisstöðum í Sveitarfélaginu Skagafirði, sbr. 10. gr. samþykktar um hunda- og kattahald í Sveitarfélaginu Skagafirði skal vera kr. 8.266. Gjaldið greiðist á gjalddaga 1. júlí en eindagi er 30. júlí ár hvert.

Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun, trygging, örmerking auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

#### 3. gr.

Við afskráningu hunds eða kattar ber að endurgreiða árlegt leyfisgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði, sem eftir eru af árinu.

#### 4. gr.

Handsömunargjald, skv. 4. gr. I. kafla samþykktar um hunda- og kattahald í Sveitarfélaginu Skagafirði, skal vera kr. 11.810 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 23.620 ef til handsömunar kemur aftur. Að auki skal greiða þann kostnað, sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds/kattar. Handsömunargjald skal greiða við afhendingu hunds/kattar. Óskráða hunda/ketti má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds.

#### 5. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hundaupplendi viðurkenndu af Sveitarfélaginu Skagafirði lækka gjöldin skv. 1. gr. gjaldskrár þessarar um 30%.

Skilgreining á því að leitarhundur sé undanþeginn leyfisgjaldi er að viðkomandi hundur hafi að minnsta kosti B viðurkenningu útgefna af viðurkenndum leiðbeinanda og skal ljósrit af viðurkenningu afhendast við umsókn um niðurfellingu leyfisgjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu leyfisgjalda sé viðkomandi hundur ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

#### 6. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

#### 7. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 12. desember 2018 með vísun til heimilda í samþykkt um hunda- og kattahald í Sveitarfélaginu Skagafirði nr. 783/2010 og samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur þegar gildi. Jafnframt fellur gjaldskrá sama efnis nr. 20/2018 úr gildi.

*Sauðárkróki, 13. desember 2018.*

**Sigfús I. Sigfússon** sveitarstjóri.